

Nd.

678. Frumvarp til laga

[300. mál]

um stofnun hlutafélags til að reisa og reka niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að reisa og reka verksmiðju á Siglufirði til þess að sjóða niður og leggja niður sjávarafurðir fyrir erlendan og innlendan markað og annast sölu þeirra afurða, ásamt rannsóknum á þessu sviði og annarri skyldri starfsemi.

2. gr.

Í því skyni, sem um ræðir í 1. gr., skal ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram af fé ríkissjóðs allt að 30 milljónir króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt sem hutfé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni.
2. Að kaupa verksmiðjuhús ásamt lóðarréttindum, vélum og áhöldum, sem nú eru notaðar við rekstur Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, en eru í eigu Síldarverksmiðja ríkisins. Ríkissjóður leggur þessar eignir fram við félagið sem hluta af framlagi sínu samkv. 1. tölulið. Skal verð eignanna, sbr. 4. grein, greitt með skuldajöfnun milli ríkissjóðs og Síldarverksmiðja ríkisins.

3. Að veita ríkisábyrgð á láni eða lánnum, er hlutafélaginu verði veitt til uppbyggingar fyrirtækisins, að fjárhæð samtals allt að 10 milljónir króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.

3. gr.

Við stofnun hlutafélagsins skal það yfirtaka rekstur Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði, ásamt öllum tilheyrandi eignum og skuldbindingum, skyldum og réttindum. Skal mismunur umfram skuldir, ef um er að ræða, talinn sem hluti af framlagi ríkissjóðs samkv. 1. tölulið 2. gr.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, er skal annast stofnun hlutafélagsins og semja um kaup á verksmiðjuhúsinu ásamt tilheyrandi eignum, sem nú eru eign Síldarverksmiðja ríkisins, við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Náist ekki samkomulag um verð þessara eigna, eða annarra eigna, sem framangreind stjórnskipuð nefnd, eða stjórn hlutafélagsins, telur nauðsyn á að hlutafélag það eignist, sem stofna á til að kaupa verksmiðjueignirnar og annast rekstur verksmiðjunnar, sker ríkisstjórnin úr.

Nefndin skal þannig skipuð, að sjávarútvegsráðherra tilnefni einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan og iðnaðarráðherra hinn þriðja og skal sá nefndarmaður vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin annast öll reikningsskil varðandi stofnun félagsins og vera ríkisstjórninni til aðstoðar að öðru leyti við undirbúning málsins.

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins skal annast rekstur Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði til 1. september 1971, en eftir þann tíma er ráðherra heimilt að fela hinni nýju nefnd að annast rekstur verksmiðjunnar á ábyrgð ríkissjóðs, meðan stofnun hlutafélagsins er í undirbúningi. Ráðherra er heimilt að veita til rekstrarins hluta af þeim framlögum, sem ráðgerð eru til handa félaginu samkvæmt 2. grein.

Hlutafélagið skal endurgreiða ríkissjóði allan undirbúningskostnað ríkissjóðs af stofnun þess.

5. gr.

Til samvinnu um stofnun hlutafélagsins skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á fyrirtækinu. Skulu þeir aðilar og íslenska ríkið vera fullgildir stofnendur að félaginu án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs þeirrar málsgreinar.

Við stofnun félagsins skal gefa Siglufjarðarkaupstað kost á hluttöku með framlagi sem svarar a. m. k. 20% á móti framlögum ríkisins og annarra stofnenda, ef um er að ræða, eða veita honum forkaupsrétt um tiltekinn tíma að samsvarandi hluta af því hlutafé, sem ríkissjóður er skrifaður fyrir.

6. gr.

Um fjölda hluthafa í hlutafélaginu og atkvæðisrétt þeirra fer eftir ákvæðum laga nr. 77/1921, um hlutafélög, nema iðnaðarráðherra ákveði annað.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

7. gr.

Heimilt skal að selja þau hlutabréf, sem ríkissjóður eignast í hlutafélaginu, öll eða að hluta, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður hverju sinni.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélaginu og aðild að starfsemi þess.

9. gr.

Stofnun hlutafélags samkvæmt lögum þessum skal lokið eigi síðar en hinn 31. desember 1971. Falla þá úr gildi lög nr. 47, 7. maí 1946 um Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, með áorðnum breytingum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði, Sigló-verksmiðjan, fái traustari og sjálfstæðari starfsgrundvöll. Verksmiðjan hefur til þessa þróast í skjóli Síldarverksmiðja ríkisins, en þær eiga nú erfitt um vik vegna algjörs aflabrests á síldveiðum. Á hinn bóginn hefur Sigló-verksmiðjunni nú verið tryggt hráefni til vinnslu fram á næsta haust og sala á miklum hluta afurðanna á hagstæðu verði. Hentar því vel að hagnýta nú tímann til þess að efla rekstur verksmiðjunnar til frambúðar.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.